

## Félagsfundur (jólafundur) í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 15. desember, 2021

Fyrirlesari: Óttar Giuðmundsson, geðlæknir

Efni: „Rýnt í persónuleika og óhamingju Snorra Sturlusonar. Jólalald í Reykholti 1241”.

Mættir: 50, þar af fáeinir makar félagsmanna.

Formaður setti fund og minntist fyrst látinna félaga, þeirra Sjafnar Kristjánsdóttur og Grétars Ottós Róbertssonar. Hann skipti síðan yfir í hlutverk fyrirlesarans og fjallaði af mikilli kunnáttu og innlifun um Sturlungu, sem hann hefur rannsakað og skrifað um útfrá sýn sinni sem geðlæknir. Hann byrjaði reyndar á að leiða okkur fyrir sjónir hversu mikilvægt það er að lifa sig algerlega inn í sögurnar og “trúa” þeim til þess að ná sambandi við persónur þeirra. Þannig hóf Óttar sögu Snorra Sturlusonar þegar hann er fluttur þriggja ára í fóstur að Odda. Föður sinn sá hann aldrei aftur og móður sína ekki fyrr en hann var orðinn fullorðinn og þekkti hana auðvitað ekki. Snorri var því skólabókardæmi um tengslaraskaðan einstakling og má tína t.d. þetta úr fræðilegu skilgreiningunni á þessari röskun: Vanhæfni til að lesa umhverfi sitt, vandamál í nánum samskiptum og öryggisleysi gagnvart öðrum, höfnunarkennd, þrá til að sanna sig gagnvart umheiminum, fíkn, þ.á.m. ástarfíkn. Þegar svo bætist við narsissismi, sem sömuleiðis á rætur í vanrækslu og tengslaleysi við foreldra í æsku, koma persónueinkenni Snorra, óhamingja hans og örlög ekki á óvart. Þau birtast berlega í ásta- og kvennamálum hans, tengslaleysi við börn sín, samskiptum við aðra ættingja, sambandi við fósturbörn og allri framkomu. Á jólum 1241, nokkrum mánuðum eftir víg Snorra, var hefndum og manndrápum frestað í einn dag vegna hátíðarinnar.

Að loknum fyrirlestri kom auðvitað í ljós að margir fundarmanna eru vel að sér í Sturlungu og lýstu sinni sýn á Snorra, frændur hans og óvini. Lauk þannig góðum jólafundi öldunga á Covidári 2021.

Helga M. Ögmundsdóttir,

Fundarritari